



## AFRÉTTARMÁLANEFND HRUNAMANNAHREPPS

6. fundur Afréttarmálanefndar Hrunamannahrepps var haldinn 5. desember 2023 í Ráðhúsinu á Flúðum kl. 17:00.

Mættir eru: Björgvin Ólafsson, formaður, Þórmundur Smári Hilmarsson og Kristín Magnúsdóttir. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Formaður setti fund og stjórnaði.

Hér var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

### 1. Erindi frá L-listanum varðandi fjallskilagjald

Sveitarstjórn vísaði tillögu L-listans til nefndarinnar um að ekki verði lengur lagt fjallskilagjald á hvert einasta lögbýli eins og nú er gert heldur verði kostnaður við fjallskil umfram það sem sauðfjárbændur greiða í dag greiddur úr sveitarsjóði

*Nefndin getur ekki mælt með samþykkt tillögunnar þar sem miklar efasemdir eru um lögmæti hennar í framkvæmd. Þar sem líta verður svo á að fjallskilaskyldan sé tengd upprekstrarrétti með þeim hætti að einungis komi til slíkrar skyldu ef að til staðar sé réttur til upprekstrar. Með öðrum orðum skulu aðeins þeir sem eiga upprekstrarrétt greiða þann kostnað sem hlýst af fjallskilum.*

*Um afréttarmálefni, o.fl. gilda ákvæði laga nr. 6/1986. Lögin eru að stofni til byggð á eldri lögum nr. 42/1969 sem voru endurútgefin sem lög nr. 6/1986. Reglur um fjallskil eru síðan nánar útfærðar í fjallskilasamþykktum sem gilda um hvert fjallskilaumdæmi. Samkvæmt 7. gr. laga nr. 6/1986 eiga allir búfjáreigendur sem landnot hafa í sveitarfélagi upprekstrarrétt á afrétt, nema þar frá sé gerð undantekning í fjallskilasamþykkt að fengnu samþykki jarðeiganda. Rétt er að geta þess að gjald það sem innheimt er í Hrunamannahreppi fer í þá innviði sem nauðsynlegir eru til að hægt sé að nýta þann beitarrétt á afrétti Hrunamanna sem sannarlega er lögvarinn réttur hvers jarðareiganda. Það væri því að mati Afréttamálanefndar óeðlilegt og jafnvel ólöglegt að taka fé úr almennum sjóði sveitarfélags til að viðhalda og eftir atvikum borga fyrir girðingar vegna beitarnota sem dæmi.*

B.ó  
KM  
pSH  
AT

Vegna ummæla í tillögunni um tekjur sem myndast á þjóðlendu vegna lóðasamninga þá er rétt að geta þess að þær tekjur eiga ekki að fara í fjallskil, heldur eiga þær að nýtast til uppbyggingar á svæðinu svo sem við húsakost, vegi, skilti og svo mætti áfram telja enda myndi slík uppbygging nýtast öllum þeim sem um svæðið fara.

Það má einnig geta þess að kostnaður sem verður til vegna beitarréttar á afrétti lendir að mestu leyti á örfáum jarðareigendum sem nýta umrædd beitarnot á afréttinum. Þeir einir sjá um allan þann kostnað sem til kemur vegna launa fjallmanna við smalamennskur.

Afréttarmálanefnd vill einnig koma því á framfæri að fjallferðir og réttir í Hrunamannahreppi hafa gríðarlegt gildi fyrir samfélagið allt og í þeim felst mikilvægur menningararfur.

### **2. Fjallskilagjald fyrir 2024 og umræður um fjárhagsáætlun 2024.**

Rætt um fjallskilagjald og aðra liði fjárhagsáætlunar er varða afréttarmálefni og sveitarstjóri fór yfir fjárveitingar til fjallaskálanna á komandi ári.

Nefndin samþykkir að fjallskilagjald hækki um sem nemur hækkun neysluverðsvísitölu síðastliðins árs eða 8%.

### **3. Minnisblað um samning um skála- til kynningar**

Lagt fram til kynningar drög að minnisblaði varðandi fjallaskála á afrétti Hrunamanna sem lagt hefur verið fyrir sveitarstjórn.

Nefndinni lýst vel á þær hugmyndir sem reifaðar eru í minnisblaðinu og hvetur sveitarstjórn til að ljúka samningum á þeim grunni sem þarna er lagður fram. Tryggja þarf að við samningagerðina sé í öll horn litið og reynt að ganga þannig frá málum að tryggt sé að skálarnir og svæðin í kring verði öllum til sóma.

### **4. Svæðisskipulag Suðurlandis fundur 26- til kynningar.**

Sveitarstjórn óskaði eftir því á fundi sínum þann 16. nóvember sl. að skýrsla um Svæðisskipulag Suðurlandisins yrði sent afréttarmálanefnd til kynningar.

Nefndin gerir engar athugasemdir við skýrsluna sem hér er lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:57.

Björgvin Ólafsson  
Kristín Magnúsdóttir  
Þórunn S. Hilmarsson

Alvís Ragnheið